

Styrkir til atvinnumála kvenna 2008

Tíu styrkhæstu verkefnið sem fengu 2 milljónir króna hvert

Bjarmalundur – Hanna Lára Steinson og Dögg Káradóttir

Viðskiptahugmyndin snýst um að bjóða upp á sveigjanlegar skammtíma- og hvíldarinnlagnir fyrir Alzheimerssjúklinga en viðskiptaáætlun Bjarmalundar varð í þriðja sæti í samkeppni Innovit sem fór fram vorið 2008. Bjarmalundur býður upp á þjónustu sem byggir á heildarsýn á málefni fólks með heilabilun (Alzheimer og skylda sjúkdóma) og aðstandenda. Líkanið hefur verið í þróun frá ársbyrjun 2004 og hefur það að markmiði að veita sjúklingum og aðstandendum stuðning við hæfi frá byrjun sjúkdóms þar til þörf er á stofnanavistun, en það tímabil er að meðaltali 10–12 ár að lengd. Um er að ræða ráðgjafarmiðstöð fyrir sjúklinga, aðstandendur og starfsfólk í umönnunarstörfum, tilboð á afþreyingu fyrir sjúklinga á fyrri stigum, skammtímainnlagnir, dagdeild og sambýli, auk sérhæfðrar heimaþjónustu.

Geitfjársetur – Jóhanna B. Þorvaldsdóttir

Geitfjársetrið verður miðstöð geitfjárræktunar í landinu þar sem stunduð verður markviss geitfjárræktun, unnar verðar vörur úr afurðum geita og þær seldar á staðnum og í völdum verslunum. Gestir geta komið í ferðamannageitfjárhús þar sem hægt er að skoða allt ferlið, mjaltir og ostagerð svo eitthvað sé nefnt. Þá verður fróðleik um geitur komið á framfæri auk þess sem hægt verður að kaupa afurði á staðnum. Verkefnið snýst enn fremur um að vernda íslenska geitfjárstofninn sem telur einungis 500 dýr.

Heimaþjónusta við fatlaða, langveika og aldraða – Aðalheiður Þóra Bragadóttir

Fyrirtækið sinnir fjölbreytilegri heimaþjónustu við fatlaða, aldraða, langveika og aðra þá sem þurfa stuðning og aðstoð við að búa á eigin heimili. Þjónustan felur í sér aðstoð við atferli daglegs lífs og almenn verk, svo sem að fara út að versla eða stuðning við afþreyingu ýmiss konar og persónulega umhirðu. Markmið fyrirtækisins er að einstaklingurinn hafi umgjörð sem veitir honum aukið öryggi í eigin búsetu og valfrelsi þegar kemur að búsetu og þjónustu. Þannig leitast fyrirtækið við að koma til móts við ólíkar þarfir einstaklinga og mæta þeim á heimavelli til að einstaklingurinn haldi virðingu sinni, vellíðan og sjálfstæði.

Dýrakotsnammi – Hanna Þrúður Þórðardóttir

Fyrirtækið framleiðir gæða hunda- og kattanammi úr íslenskri lamba-, ungnauta- og ungvöðum. Varan er nýnæmi því ekki hefur lifur áður verið nýtt á þennan hátt. Varan er hágæðavara með gott geymsluþol og er óhætt að gefa hana köttum og hundum með ofnæmi og fæðuþol. Byggja á fyrirtækið upp á næstu mánuðum og fara í frekari vöruþróun og þróun umbúða. Nú þegar hafa byggst upp viðskiptasambönd við aðila, svo sem dýralækna og gæludýrabúðir, en stuttu eftir að fyrirtækið hóf starfsemi voru sölustaðir um 20 talsins. Fyrirhugað er að setja upp heimasíðu þar sem viðskiptavinir geta pantað vöru beint og huga á

að útflutningi vörunnar en mikil tækifæri eru talin liggja í útflutningi þar sem um gæðavöru er að ræða.

Maxímús – Músíkús – Margrét Sigurðardóttir

Maxímús Músíkús er sögupersóna í ævintýri sem Hallfríður Ólafsdóttir, fyrsti flautuleikari Sinfóníuhljómsveitar Íslands, skrifaði og kom út í bók hjá Forlaginu síðastliðinn vetur ásamt geisladiski með tónlist. Í kjölfar útgáfu bókarinnar var sett saman tónleikadagskrá þar sem sagan og tónlistin var flutt. Bókin varð metsölubók hér á landi í margar vikur og uppselt var á alla tónleikana sem urðu sjö talsins. Nú hefur verið stofnað félag sem hefur það að markmiði að stofna fyrirtæki til að koma bókinni og tónleikadagskránni á framfæri erlendis og fylgja því eftir með vöruframleiðslu tengdri sögupersónunni og klassískri tónlist. Markmið verkefnisins er fyrst og fremst að kynna klassíska tónlist fyrir börnum ásamt því að framleiða vörur tengdar efninu.

Prisma – Margrét Gísladóttir, Sólveig Katrín Jónsdóttir, Þórdís Filippusdóttir

Viðskiptahugmyndin er að opna þjónustu fyrir einstaklinga með átraskanir og mun húsnæðið hýsa göngu- og dagdeildarþjónustu. Reiknað er með að hægt verði að bjóða upp á fjölbætta meðferð til hjálpar fólki með átröskun til að ná bata og munu þjónustugegar greiða fyrir meðferðina. Markmið verkefnisins er að auka úrræði og þjónustu fyrir einstaklinga með átraskanir á Íslandi. Þannig er fyrirhugað að auka aðgengi fyrir fólk með átraskanir og bjóða upp á fræðslu fyrir fagaðila og aðstandendur. Fyrirhugað er að koma á samvinnu milli fagaðila og meðferðarstofnana sem sinna átröskunum og vinna að fyrirbyggingu átröskunarsjúkdóma.

Búháttafafn – hönnun og skipulagning – Jóhanna Sveinsdóttir

Viðskiptahugmyndin snýst um að stofna búháttafafn þar sem sýndir verða búhættir liðinnar aldar. Aðalmarkhópur safnsins eru börn og unglingar annars vegar og eldri borgarar hins vegar. Á safninu verður meðal annars handverk af ýmsu tagi og sýndar aðferðir við mjólkurvinnslu, sláturgerð, ullarvinnslu og hannyrðir sem verður hluti af dagskrá fyrir gesti. Þegar hafa verið lögð drög að samvinnu eldri borgara, grunnskóla og búháttafafnsins en börn og unglingar munu fá að upplifa og taka þátt í heimilishaldi og búskap þessa tíma. Enn fremur er stefnt að þróun kynningarefnis sem lýtur að heimilishaldi á tímabilinu 1925–1945. Markmið verkefnisins er að skapa vinnustað í Ölfusi með 2–4 ársverkum við rekstur lifandi búháttafafns ásamt verndun gamalla muna og verklags en fræðsluþátturinn verður einnig stór.

Aldamótaþorpið Eyrarbakki – Anna S. Árnadóttir

Viðskiptahugmyndin snýst um að endurbyggja þorpið á Eyrarbakka í frystihúsi staðarins og búa þannig til ferðamanna- og fræðslusetur í elsta verslunarþorpi Íslands sem tengir saman gamla tímann og nýja. Þessu markmiði verður náð með því að endurbyggja dansk-íslenskan bæ í anda Eyrarbakka eins og hann var um aldamótin 1900. Í hugmyndinni felst enn fremur að styrkja samskipti Íslendinga og Dana og að efla tengsl milli kynslóða og að halda við söguhefðinni og þekkingunni sem gekk milli kynslóða í munnlegri geymd og verkunnáttu og að varðveita sögu iðnmenntunar og atvinnulífs á Íslandi.

Sóley, grös og heilsa – Sóley Elíasdóttir

Fyrirtækið Sóley, grös og heilsa er einkafyrirtæki sem framleiðir snyrti- og heilsuvörur úr villtum íslenskum jurtum. Sérstaða vara frá Sóleyju er að þær eru íslenskar, hreinar, náttúrulegar og innihalda villtar íslenskar jurtir en engin skaðleg aukaefni. Þróa á íslenska barnavörulínu í snyrti- og heilsuvörum þar sem íslenskar jurtir og lífrænar olíur eru notaðar til framleiðslunnar. Þar er um að ræða barnatannkrem, barnasjampó, barnagræðikrem, barnaolíu, barnalíkamskrem og barnasápu svo eitthvað sé nefnt. Einnig er í þróun græðandi plástur þar sem „Græðirinn“ frá Sóleyju er notaður. Stefnt er að því um áramótin 2008/2009 verði vörur frá Sóleyju komnar í verslanir um land allt og að barnavörulínan ásamt öðrum vörum frá Sóleyju verði komnar á erlendan markað innan tveggja ára.

Alda design – Dagný Alda Steinsdóttir

Í fyrirtækinu Alda design eru hannaðar og steypar gólf- og veggflísar úr íslenskri steypu en nú þegar fyrirtækið hefur lokið mörgum verkefnum erlendis en fyrirtækið var starfandi í Bandaríkjunum um árabíl. Nú er stefnt að markaðssetningu innanlands og mun Alda design kynna vöru sína til þeirra arkitekta og hönnuða sem fyrirtækið hefur unnið með á bandarískum markaði sem íslenska vöru og íslenska framleiðslu. Markmið verkefnisins er að auka sölu og eftirspurn vöru Alda design með því að leggja áherslu á gæði og fegurð vörunnar og að skapa ímynd fyrirtækisins sem framleiðir á sérhannaða íslenska vöru með gæði og góða hönnun í fyrirrúmi.